

Framfaravog Sveitarfélaga

Tillaga að áframhaldandi þátttöku í Framfaravog sveitarfélaga

Sveitarfélagið Árborg haldi áfram þátttöku í verkefninu „Framfaravog sveitarfélaga“ út árið 2021 þannig að móta megi markmið og aðgerðaáætlun, vinna með nokkrar vel valdar aðgerðir og fá raunhæfan samanburð milli ára. Markmið verkefnisins er augin velferð með framúrskarandi þjónustu.

Kostnaður af þátttökunni er kr. 1.800.000- án/vsk. vegna ársins 2020 og leggja undirritaðir til að bæjarstjórn Árborgar samþykki viðauka við fjárhagsáætlun 2020 til að tryggja þátttöku Árborgar í verkefninu.

Greinargerð

Á fundi bæjarráðs þann 27. febrúar síðastliðinn fól bæjarráð bæjarstjóra að kynna niðurstöður úr Framfaravoginni 2019 fyrir starfsmönnum og íbúum og móta tillögu um framhaldið, áður en tekin yrði ákvörðun um að endurnýja samkomulag við Cognito um áframhaldandi þátttöku Árborgar í verkefninu. Vegna Covid-19 hefur ekki orðið úr þeim kynningum en hinsvegar hefur verið fjallað um málið í frístunda- og menningarnefnd. Undirrituðum, bæjarstjóra og deildarstjóra frístunda- og menningardeildar, hefur gefist tími til að endurmeta mögulegar leiðir til að vinna áfram með niðurstöðurnar og telja að nú liggi fyrir hugmyndir að markvissri aðferðafræði.

Undirritaðir telja að Framfaravogin geti nýst Sveitarfélaginu Árborg sem góður mælikvarði fyrir félagslegar framfarir og verkfæri til að vinna að framförum með hagkvæmum og markvissum aðgerðum. Til þess að ná árangri og sýna fram á þessa virkni er nauðsynlegt, að mati undirritaðra, að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu í að lágmarki þrjú ár. Þannig gefist tími til að þróa verkefnið betur, sjá hvernig ákveðnar aðgerðir geta haft jákvæð áhrif á niðurstöður og meta heildarávinninginn m.t.t. kostnaðar, vinnulags innan stjórnarsýslunnar og ávinnings fyrir íbúana.

Áframhaldandi þátttaka kallar á að gert verði samkomulag við Cognito vegna ársins 2020. Í samstarfi við Cognito er unnið að því að fá aðkomu ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga að verkefninu og takist það má gera ráð fyrir að síðari tíma kostnaður verði mun lægri en nú er.

Áætlun um aðferðafræði

Undirritaðir hafa mótað eftirfarandi hugmynd að því hvernig nota mætti mælingar Framfaravogarinnar til að vinna að framförum í velferð íbúa sveitarfélagsins.

Niðurstöður úr Framfaravoginni og þeir vísar sem þar er að finna, 50 talsins, verða kynntir fyrir kjörnum fulltrúum í nefndum sveitarfélagsins og starfsfólki í deildum þess og kallað eftir hugmyndum þátttakenda að aðgerðum. Óskað væri eftir tillögum um aðgerðir sem þátttakendur teldu líklegar til að hafa jákvæð áhrif á einhverja þeirra þátta sem vísarnir mæla og að þátttakendur myndu jafnframt lýsa því hvaða markmið þeir teldu nást með viðkomandi aðgerð. Samsvarandi kynning og vinna gæti einnig farið fram á íbúafundum.

Á grunni ofangreindra hugmynda myndu mótuð nokkur helstu markmið og aðgerðir sem þættu líklegust til að hafa sem mestan jákvæðan ávinning með tilliti til kostnaðar. Ekki þarf að móta aðgerðir

fyrir alla vísana heldur má beina athyglinni að örfáum vísum þar sem líklegt þætti að mikið gæti áunnist. Tillögur að aðgerðum yrður svo metnar við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og ákveðið hverjum skulið markaðar fjárheimildir.

Forsaga

Sveitarfélagið Árborg tók þá ákvörðun árið 2019 að taka þátt í verkefninu „Framfaravog sveitarfélaganna“ ásamt Kópavogsbæ og Reykjanesbæ undir stjórn fyrirtækisins Cognito ehf., umboðsaðila Social Progress Index á Íslandi.

Íslenska útfærslan á Social Progress Index er nefnd „Framfaravog sveitarfélaga“ og er mælitæki sem er ætlað að leggja mat á ákveðna grunnþætti í samfélaginu líkt og:

- **Hvernig grunnþörfum íbúa er mætt**
- **Hvort verið sé að stuðla að og viðhalda lífsgæðum íbúa**
- **Hvort allir hafi tækifæri til að bæta líf sitt**

Markmiðið er að draga fram stöðu félagslegra framfara í samfélaginu með því að meta hvar verið sé að gera vel og hvar hægt er að gera betur. Notast er við sérstakan SPI stuðul sem er alþjóðlegur mælikvarði á bilinu 0 – 100. Niðurstöðurnar eru síðan samanburðarhæfar milli þeirra sveitarfélaga á Íslandi sem taka þátt í verkefninu. Verkfærið á að geta nýst sveitarfélögum til að gera alla framfararvinnu markvissari til framtíðar.

Sveitarfélagið Árborg hefur fengið niðurstöður fyrir árin 2014-2018. Í samstarfi Árborgar, Kópavogsbæjar og Reykjanesbæjar er nú unnið að þróun verklags þannig að niðurstöðurnar nýtist til sveitarfélögunum til samfélagslegra framfara.

Gísli Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri

Bragi Bjarnason,
deildastjóri frístunda- og menningardeildar